

## 45. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Fundurinn haldinn 24.mars 2017 kl. 8.10 við Norðurgötu

**Mættir:** Jón Garðar Steingrímsson og Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir fulltrúar foreldra. Halla Óladóttir og Sigurlaug Ragna Guðnadóttir fulltrúar kennara, Ríkey Sigurbjörnsdóttir aðstoðarskólalastjóri. Fyrir hönd nemenda mætti Ásdís Ósk Gísladóttir. Jónína Magnúsdóttir skólalastjóri stjórnaði fundi.

Dagskrá:

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar lesin og leiðrétt.

**2. Drög að skólalagatali fyrir skólaárið 2017-2018**

Farið yfir drög að nýju skólalagatali. Rætt um kosti og galla núverandi fyrirkomulags foreldraviðtala. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um fyrirkomulag foreldraviðtala á næsta skólaári aðra en þá að ekki verður um að ræða einn sérstakan viðtalsdag. Rætt um vetrarfrí dagana eftir öskudag – í febrúar. Almennt voru fundarmenn á því að hafa vetrarfrí á þessum tíma til að brjóta upp annars mjög langan uppbrotslausan tíma frá áramótum og fram að páskum.

**3. Teikning af skólalóð við Norðurgötu.**

Teikning af hönnun nýrrar skólalóðar við Norðurgötu var lögð fram. Farið verður í fyrsta áfanga framkvæmda í sumar. Ákveðið að kynna teikningar af báðum skólalóðunum, við Norðurgötu og Tjarnarstíg, fyrir öllum nemendum skólans.

**4. Önnur mál.**

Farið yfir niðurstöður foreldrakönnunar. Umræður urðu um niðurstöðurnar. Skólinn vinnur úr niðurstöðum m.t.t. hvað má gera betur og skoðar hvað liggur að baki framförum.

Niðurstöðurnar hafa verið bornar saman við sambærilegar niðurstöður á síðasta skólaári.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 9.20

Ríkey Sigurbjörnsdóttir